

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2013

Efni: umsögn BHM um frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014, 3. Mál. (Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Í fjárlögum fyrir 2014, undir lið um útgjöld og fjármögnun velferðarráðuneytis, er tillaga um breytingu á slysatryggingum:

208 Slysatryggingar. Gert er ráð fyrir að fjárheimild til slysatrygginga verði 856 m.kr. árið 2014 og er það lækkun um 35 m.kr. að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 18,9 m.kr. Lagt er til að fjárheimild liðarins verði hækkuð um 15 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um iðgjaldatekjur vegna kaups og aflahlutar sjómanna. Þá er lögð til 50 m.kr. lækkun á fjárheimild liðarins en um er að ræða eina af sértækum aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu sem gripið er til í því skyni að bæta afkomuhorfur ríkissjóðs. Tillagan gerir ráð fyrir að ákvæði slysatrygginga í lögum um almannatryggingar sem fjallar um réttindi þeirra sem slasast á leið til og frá vinnu falli á brott. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sé einnig tryggður með lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda og fái tjón sitt bætt frá þeirri tryggingu.

Þarna er m.a. lagt til að ákvæði slysatrygginga í lögum um almannatryggingar sem fjallar um réttindi þeirra sem slasast á leið til og frá vinnu falli á brott. Eins og fram kemur er gert ráð fyrir að viðkomandi sé einnig tryggður með lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda og fái tjón sitt bætt frá þeirri tryggingu.

Í yfirliti yfir lagabreytingar í fjárlögum 2014 kemur eftirfarandi fram um breytingu á almannatryggingarlögum vegna ofangreindrar tillögu en þar segir orðrétt:

Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Lögð verður fram breyting á IV. kafla laganna sem fjallar um slysatryggingar almannatrygginga. Fella á brott ákvæði er kveður á um að slysatryggingar taki til sendiferðar í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til og frá vinnu.

BHM gerir athugasemdir við ofangreinda tillögu um breytingar á slysatryggingum almennatrygginga.

BHM bendir á að ekki sé hægt að gera ráð fyrir því að allir séu tryggðir með lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda og fái tjón sitt bætt frá þeirri tryggingu. Slyss í sendiferðum eða á leið til og frá vinnu geta verið með öðrum hætti en sem tengist ökutæki. Hjólreiðamaður eða fótgangandi einstaklingur geta slasast alvarlega án þess að það komi ökutæki við.

Þá sé í kjarasamningum vísað í almennatryggingarlögin. Þetta er breyting á almennatryggingarlögunum og sú breyting getur haft ófyrirsjáanleg og víðtæk áhrif á slysatryggingar félagsmanna sem og annarra sem eru sendir í ferðir í þágu atvinnurekstrar eða á leið til og frá vinnu og slysatrygging ökumanns og eiganda nær ekki yfir tjónið.

BHM óskar eftir að ofangreind breyting verði ekki lögð fram með vísan til ofangreindra raka.

Virðingarfyllst,



Guðlaug Kristjánsdóttir,

formaður.